

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorphirðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

| | |
|-------------------------------------|------------|
| Íbúðir | 45.000 kr. |
| Sumarhús og íbúðir í árshlutanotkun | 22.500 kr. |

Gjaldið er innheimt jafnhliða fasteignagjöldum og eru gjalddagar þeir sömu og þeirra. Gjald dagar eru átta: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.

Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4 m³ af úrgangi), heimili 8.300 kr. Eitt ókeypis kort fylgir hverju heimili einu sinni á ári.

Gjöld rekstraraðila: Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kr. eða 1,5 m³ skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 3.900 og í urðunargjald kr. 4.400 eða samtals kr. 8.300.

Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals í móttöku- og flutningsgjald 39 kr. og 44 kr. í urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætist við 3.900 kr. fyrir móttöku- og flutningsgjald og 4.400 kr. í urðunargjald.

Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar 15. desember 2016 og öðlast gildi við birtingu og kemur til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 2017. Jafnframt fellur úr gildi fyrri gjaldskrá fyrir sorphirðu í Þingeyjarsveit nr. 1312/2015.

Þingeyjarsveit, 15. desember 2016.

Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. mars 2017